

# NÝIR TÍMA – NÝ HÆFNI

## NETFORRITUNARNÁMSKEIÐ MEÐ STARFSTENGDRI ÍSLENSKU FYRIR INNFLYTJENDUR

Verkefnið hlaut styrk úr Fræðslusjóði árið 2021 sem nýsköpunar- og þróunarverkefni

**FRÆDSLUAÐILI:** MÍMIR - SÍMENNTUN

**ÁÆTLUÐ LOK VERKEFNIS:**

**FORGANGSSVIÐ:** PRÓUN STARFSTENGDS TUNGUMÁLASTUÐNINGS Í FRAMHALDSFRÆÐSLU

---

### HEITI VERKEFNIS OG NAFN STYRKPEGA

Nýir tímar-ný hæfni: netforritunarnámskeið með starfstengdri íslensku fyrir innflytjendur. Mímir – símenntun.

---

### UM VERKEFNIÐ

Forritunarnámskeið á netinu með starfstengdri íslenskukennslu fyrir innflytjendur. Forritun er einn af færniþáttum framtíðar sem krefst ekki háskólamenntunar eða sérstakrar tungumálaþekkingar. Námskeiðið þjálfar fleiri hæfniþætti sem nýtast í framtíðinni, getur skapað aukin atvinnutækifæri hérlandis og erlendis og menntunartækifæri.

---

### MARKMIÐ VERKEFNIS

- Að þróa netnámskeið í forritun fyrir markhóp framhaldsfræðslu.
- Að búa til námskeið sem kemur til móts við nýjan veruleika í tengslum við 4. iðnbyltinguna.
- Að byggja upp hæfni til framtíðar: Greiningar- og nýsköpunarhæfni, virkni í námi og námsaðgerðum, rökhugsun og lausn vandamála, tæknihönnun og forritun.
- Að kenna íslensku gegnum tækninám

---

### HVERJIR ERU HELSTU SAMSTARFSAÐILAR?

Ráðgefandi samstarfsaðilar: ASÍ og Hildur Rudolfsdóttir starfar sem verkefnastjóri stafrænnar þróunar hjá Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar og Bjarndís Jónsdóttir upplýsingatæknikennari, Google Trainer og Microsoft Innovative Educator Expert og verkefnastjóri á sviði upplýsingatækni í Nýsköpunarmiðju menntamála.

---

### HVER ER HELSTI ÁVINNINGUR AF VERKEFNINU FYRIR MARKHÓP FRAMHALDSFRÆÐSLUNNAR?

Helsti ávinningur af verkefninu er aðgengi að forritunarnámskeiði þar sem það er ekki alltaf í boði fyrir fólk með litla formlega menntun eða sem talar ekki íslensku. Fólk af landsbyggðinni mun einnig geta tekið þátt þar sem námskeiðið verður kennt á netinu. Þátttakendur munu læra starfstengda íslensku gegnum raunveruleg verkefni.

---

### HVERJAR VERÐA LOKAAFURÐIR VERKEFNISINS?

Lokaafurður verkefnisins verður uppskrift að forritunarnámskeiði í framhaldsfræðslu sem er búið að tilraunakenna. Gert er ráð fyrir grein í Gátt og rafrænni kynningu fyrir áhugasama.